

## **Kafli 6.1 – Max Weber: fyrri hluti Spurningar úr efni bls. 157–164.**

1. Hver er rauði þráðurinn í greiningu Webers á þróun Vesturlanda?
2. Nefndu helstu rit Webers.
3. Hvað felst í þýska hugtakinu verstehen?
4. Hvað felur beinn skilningur í sér?
5. Hvað felur túlkunarskilningur í sér?
6. Aðferðafræði Webers um mannlífið kallast aðferð um sérkenni hluta. Hvað felur þetta í sér?
7. Hvað er kjörmynd og til hvers er hún dregin upp?
8. Hver er munurinn á ósjálfráðu atferli og merkingarbærri breytni (hegðun)?
9. Hvað er merkingarbær félagsleg breytni?
10. Hvers vegna sagði Weber að eftirhermur og hópprýstingur væru ekki dæmi um félagslega breytni?
11. Hvað felur hefðbundin breytni í sér?
12. Hvað felur tilfinningabundin breytni í sér?
13. Hvað felur gildisbundin rökvísi í sér?

14. Hvað felur markmiðsbundin rökvísi í sér?
15. Hver er helsti munurinn á gildisbundinni rökvísi og markmiðsbundinni rökvísi?
16. Hvað á Weber við að félagsfræði sé rannsókn á rökvísri breytni fólks?
17. Hvað þýðir þegar sagt er að efnisveruleikinn sem náttúruvísindin rannsaka sé merkingarlaus?
18. (Hópverkefni) Á bls. 159 er vísað til Þorsteins Gylfasonar um muninn á orsökum og tilefnum. Hver er þessi munur? Á bls. 160 er vísað í orð Kenneths Burke um mögulegar ástæður fyrir breytni fólks. Hverjar eru þær? Hvað þarf að hafa í huga þegar við reynum að átta okkur á hegðun fólks? Getur verið hætt á því að við sem rannsakendur ákveðum fyrirfram hvað vakir fyrir fólki þegar við fylgjumst með hegðun þess?